

## **Fundur mánudaginn 5. desember 2016 á heimili Gerðar G. Óskarsdóttur að Breiðahvarfi 2 í Kópavogi.**

Tekið var á móti félagskonum með kampavínsglasi í jólalega skreyttu húsi Gerðar í Breiðahvarfi. Þegar konur höfðu komið sér fyrir setti Ingibjörg Einarsdóttir formaður fundinn og kveikti á kertum vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar.

Helga Thorlacius tók manntal og voru, 29 konur deildarinnar mættar: Ahn Dao Tran, Björg Eiríksdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Vikar Guðmundstóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hildur Jóhannesdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir sagnfræðingur, Kristjana Stefánsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Soffía Sveinsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir og Þórunn Björnsdóttir.

Elín Ólafsdóttir flutti orð til umhugsunar og gluggaði í Aldarsögu Háskóla Íslands síðustu 100 árin, en saga Háskólans er henni mjög hugleikin. Henni fannst merkilegt hversu lítið væri horft til sögunnar við lausn vandamála í dag. Ekki væru nema rúm 100 ár síðan skólaskyldu var komið á hér á landi og gott starf verið unnið á þessum tíma. En það var Jón Sigurðsson sem barðist ötullega fyrir stofnun Háskóla Íslands. Það þurfti 30 ára baráttu til að skólinn yrði stofnaður þann 17. júní 1911, á afmæli Jóns Sigurðssonar. Við það sameinuðust Prestaskólinn, Læknaskólinn og Lagaskólinn. Í upphafi voru stúdentar 45, 5 í guðfræðideild, 17 í lagadeild, 23 í læknadeild í heimspekideild var enginn skráður. Skólinn fékk inni á fyrstu hæð Alþingishússins. Þar átti hann eftir að vera næstum þrjá áratugi. Þá voru kennarar og stúdentar orðnir 227. Á hundrað ára afmæli skólans var nemendafjöldinn orðinn um 14000. Þá höfðu Hjúkrunarskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands sameinast Háskólanum. Skólinn var 50 ár á barnsaldri og er loks kominn í fullorðinna manna tölu. Starfsmenn misstu aldrei trúna á að skólinn myndi spjara sig. Andrúmsloftið var mjög skemmtilegt um 1970, þegar skólinn var að sprynga út. Elín benti einnig að vert væri að lesa bókina Almannafræðsla á Íslandi, sem Loftur Guttormsson ritstýrði. Því við ættum að meta það sem vel hefði verið gert í gegnum tíðina og nota, en ekki að gleyma sögunni.

Gestur fundarins var Bjartmar Guðlaugsson, tónlistamaður og rithöfundur. Hann kynnti bók sína „Þannig týnist tíminn“, sem kom út núna fyrir jólin. Hann las kafla um

hvernig var að alast upp í þorpi austur á fjörðum. Sjómenn voru lengi úti á sjó, Bítlarnir boðuðu nýja tísku, fermingarfötin komu í kaupfélagið og dönsku blöðin voru lesin á öðru hverju heimili. Í lokin tók Bjartmar fram gítarinn og söng nokkur lög, við góðar undirtektir Gamma kvenna. Ingibjörg formaður þakkaði Bjartmari fyrir skemmtilegan lestur og söng og færði honum rauða rós sem þakklætisvott.

Veitingar voru fram bornar og svignaði borðið undan kræsingum félagskvenna, sem allar lögðu til eitthvað góðgæti. Meðan konur gæddu sér á veitingum kynnti Ingibjörg Einarsdóttir tvær nýútkomnar bækur sem ætti að ræða janúarfundinum. Það eru bækurnar „Villisumar“ eftir Guðmund Óskarsson, og „Hestvík“ eftir Gerði Kristnýju. Helga gekk með box milli kvennanna og þær drógu sér miða með nafni bókarinnar sem féll í þeirra hlut að ræða um.

Þórunn Björnsdóttir kórstjóri settist þessu næst við píanóið stjórnaði jólalagasöng af sinni alkunnu snilld, við góðar undirtektir fundarkvenna.

Ingibjörg þakkaði Gerði fyrir góðar móttökur og færði henni rósina góðu, óskaði gleðilegra jóla og slökkti á kertunum þremur.

Fundargerð ritaði Helga Thorlacius.